GPÞ/11.11.2025
Bílastæðasjóður Hafnafjarðarbæjar– úttekt á bílastæðum í miðbæ Hafnarfjarðar

Inngangur:

Í júnímánuði s.l. áttu undirritaður og Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs fund um málefni Bílastæðasjóðs Hafnarfjarðarbæjar (BH). Undirritaður kynnti fyrirtækið IOS Hugbúnað ehf (IOS), tæknilausnir og reynslu félagsins í hliðstæðum verkefnum fyrir aðra bílastæðasjóði. Sigurður gerði stuttlega grein fyrir BH, þörfum og áformum til framtíðar.

Í ljósi reynslu og þekkingar IOS á þessu sviði var ákveðið að IOS skyldi gera greiningu á notkun bílastæða í miðbæ Hafnarfjarðar, nánar tiltekið stæðin við Fjörð, Hafnarfjarðarkirkju, bílastæðakjallara (við Fjörð), bílastæðin á bak við bæjarskrifstofurnar og Strandgötu. IOS skyldi í lok september eða byrjun október skila skýrslu um niðurstöður greiningarinnar.

Greining á bílastæðum:


Settar voru upp 4 nettengdar myndavélar sem skönnuðu bílnúmerin sem fóru inn og út af bílastæðunum. Byrjað var á bílastæðunum við Hafnarfjarðarkirkju 29.júlí og hætt 10.ágúst eða í 13 daga. Næst var bílastæðið við Fjörð tekið fyrir eða frá 12.ágúst til 1.september, í 21 dag. Þá voru myndavélarnar fluttar á bílastæðið fyrir aftan ráðhúsið og við bílakjallarann í 7 daga. Í lokin var gerð greining á Strandgötunni. Af tæknilegum ástæðum varð að skipta Strandgötunni í tvo hluta – frá innakstri að Linnetstíg og svo frá Linnetstíg að útakstri. Fyrri hlutinn var í gangi í 7 daga en sá síðari í 4 daga.

Mismunandi fjöldi daga réðst af m.a. stærð stæða, sumarfríum og tæknilegum aðstæðum.

Bílastæðin við Hafnarfjarðarkirkju:




Byrjað var að mæla umferð um bílastæðin við Hafnarfjarðarkirkju þann 29.júlí og hætt 10.ágúst eða samtals í 13 daga.




Graf 1.

Graf 1 sýnir fjöda bíla sem fóru um stæðin á hverjum degi. Líka þá sem keyrðu í gegn án þess að leggja.




Graf 2.

Bláa súlan sýnir fjölda bíla skráða í Hafnarfirði og hin súlan sýnir bíla utan Hafnarfjarðar. Kerfið var tengt Ökutækjaskrá alla daga þ.a. samræmi er í skiptingunni fyrir allar súlur.




Graf 3.

Í grafi 3 er Hafnfirðingum sem aka um og nýta bílastæðið skipt í annarsvegar þá sem búa innan við 1 km. og hina sem búa lengra frá.



Hafnarfjarðarkirkja - Hversu lengi bílar dvöldu á stæðinu
300
250
200
150
100
50
0
þri. 29/7
mið. 30/7
fim. 31/7
fös. 1/8
lau. 2/8
sun. 3/8
mán. 4/8
þri. 5/8
mið. 6/8
fim. 7/8
fös. 8/8
lau. 9/8
sun. 10/8
Time spent on location: < 15 min
15 - 30 min
30 - 60 min
1 hr - 2 hrs
2 hrs - 5 hrs
5 hrs - 12 hrs
12 hrs >

Graf 4.


Hafnarfjarðarkirkja - Hverslu lengi bílar dvöldu á stæðinu. Bílar 0 - 15 mín ekki teknir með
160
140
120
100
80
60
40
20
0
þri. 29/7
mið. 30/7
fim. 31/7
fös. 1/8
lau. 2/8
sun. 3/8
mán. 4/8
þri. 5/8
mið. 6/8
fim. 7/8
fös. 8/8
lau. 9/8
sun. 10/8
15 - 30 min
30 - 60 min
1 hr - 2 hrs
2 hrs - 5 hrs
5 hrs - 12 hrs
12 hrs >

Graf 5.

Flestir bílar sem aka inn á stæðið staldra við innan við 15 mín. Graf 4 sýnir alla bíla en í grafi 5 er búið að taka út þá sem keyra í gegn eða leggja í allt að15 mínútur. Litirnir í grafinu endurspegla hversu lengi bílum var lagt hvern dag.



Graf 6.

Graf 6 sýnir nýtingu stæðanna eftir tímum dags. Búið er að taka út alla bíla sem keyrðu í gegn á innan við 5 mín.

Nokkrir bílar er geymdir yfir nóttina – allt að 20 bílar en flesta daga færri en 10. Álagstoppar verða fyrst frá c.a. 11:00 – 15:00 og svo aftur um kvöldmatarleytið og fram til c.a. 21:00. Álagstopparnir eru mismunandi eftir dögum. Í tvígang fer notkunin yfir 100% en það skýrist af því að bílum er lagt utan merktra bílastæða.


Bílar sem geymdir voru yfir nótt á stæðinu:

Bíll í geymslu í marga daga í senn	7
Bíll oftar en einu sinni á tímabilinu	10
Bíll í eina nótt á tímabilinu	49
Samtals:	66


Á tímabilinu sem mælt var (13 dagar) voru samtals 66 bílar geymdir yfir nótt á stæðunum.

Af þessum 66 bílum voru 49 einungis í eina nótt á stæðunum, mislengi og sumir vel fram á næsta dag. 7 bílar voru geymdir á stæðunum í marga daga í senn, allt frá 2 dögum en sá sem var lengst var geymdur á stæðinu í 9 daga. 10 bílar voru geymdir yfir nótt oftar en einu sinni.

Bílastæðin aftan við ráðhúsið:




Byrjað var að mæla umferð um bílastæðin fyrir aftan ráðhúsið föstudaginn 5. september kl. 07:00 og hætt 11. september kl. 09:00, eða í 7 daga. Fyrsti dagurinn mælist eðlilega en síðasti dagurinn ekki.



Graf 1.


Graf 1 sýnir fjöda bíla sem fóru um stæðin á hverjum degi. Líka þá sem keyrðu í gegn án þess að leggja. Lokadagur mælinga gefur ekki rétta mynd af fjölda bíla þar sem einungs var mælt fram til kl. 10:00.



Graf 2.


Gröf 2 og 3 sýna notkun eftir búsetu. Tenging var við Ökutækjaskrá fyrstu 2 dagana og gefa þeir réttari mynd af hverjir nýta stæðið. Súlurnar fyrir bíla í Hafnarfirði síðustu 5 dagana sýna bíla sem voru þegar í gagnagrunni kerfisins og því var vitað að þeir voru frá Hafnarfirði (án uppflettingar í Ökutækjaskrá).

Bláa súlan sýnir fjölda bíla skráða í Hafnarfirði og appelsínugula súlan sýnir bíla utan Hafnarfjarðar. Eins og áður segir gefa 2 fyrstu dagarnir réttari mynd af því.




Graf 3.

Í grafi 3 er Hafnfirðingum sem aka um og nýta bílastæðið skipt í annarsvegar þá sem búa innan við 1 km. og hina sem búa lengra frá.




Graf 4.



Graf 5.

Í flestum tilfellum dvelja bílar innan við 15 mín. á stæðunum, frá 60% - yfir 80% allra bíla hvern dag. Graf 4 sýnir alla bíla sem aka inn og út af stæðinu en í grafi 5 er búið að fjarlægja þær færslur, þ.e. grafið sýnir einungis bíla sem lagt er að lágmarki 15 mín.



Graf 6.

Fyrir graf 6 er búið að fjarlægja akstur í gegnum stæðin án þess að bíl sé lagt þ.e. bíll þarf að vera a.m.k. 5 mín. á stæðinu til að telja með í grafinu.

Sjá má að talsvert er um að bílar séu geymdir á stæðinu yfir nótt (um og yfir 20 bílar á dag). Nýtingin tekur kipp um kl. 07:00 og er allnokkur fram til kl. 18:00. Stæðin eru þó aldrei fullnýtt þá daga sem mældir voru.

Stæðið er miðsvæðis og hentugt að leggja þar ef sótt er þjónusta í miðbænum. Auk þess má sjá af gögnunum að fjölmörgum bílum er lagt á stæðinu til langs tíma. Stæðið er ágætlega nýtt á almennum skrifstofutíma 8:00 – 17:00.

Bílar sem geymdir voru yfir nótt á stæðinu:


Bíll í geymslu í marga daga í senn				17
Bíll oftar en einu sinni á tímabilinu				9
Bíll í eina nótt á tímabilinu				28
Samtals:				54

Á tímabilinu sem mælt var (7 dagar) voru samtals 54 bílar geymdir yfir nótt á stæðunum.


Af þessum 54 bílum voru 28 einungis í eina nótt á stæðunum, mislengi og sumir vel fram á næsta dag. 17 bílar voru geymdir á stæðunum í marga daga í senn og 9 bílar voru geymdir yfir nótt oftar en einu sinni.

Bílastæðin við Fjörð og bílakjallarinn.

Svæði 3	Fjöldi stæða
Miðbæjarstæði	267 stk
kjallari	91 stk
Samtals	358 stk




Byrjað var að mæla umferð um bílastæðin við Fjörð að meðtöldum bílakjallaranum þriðjudaginn 12 ágúst kl. 15:00 og hætt 1. september kl. 23:00, eða í 21 dag. Fyrsti dagurinn mælist því ekki eðlilega.




Graf 1.

Graf 1 sýnir fjölda bíla sem fóru um stæðin á hverjum degi. Líka þá sem keyrðu í gegn án þess að leggja. Eins og sjá má fara um og yfir 2.000 bílar um stæðin á virkum dögum.




Graf 2.

Bláa súlan sýnir fjölda bíla skráða í Hafnarfirði og appelsínugula súlan sýnir bíla utan Hafnarfjarðar. Tenging var við Ökutækjaskrá fyrstu 4 dagana og gefa þeir réttari mynd af hverjir nýta stæðið. Súlurnar fyrir bíla í Hafnarfirði eftir það sýna bíla sem voru þegar í gagnagrunni kerfisins og því var vitað að þeir voru frá Hafnarfirði (án uppflettingar í Ökutækjaskrá).




Graf 3.

U.þ.b. helmingur bíla frá Hafnarfirði eru frá eigendum/umráðamönnum sem búa innan við 1 km. fjarlægð frá Firði.




Graf 4.



Graf 5.

Gröf 4 og 5 sýna hversu lengi bílar dvöldu á stæðinu á hverjum degi. Graf 4 sýnir alla bíla sem óku inná stæðin en í grafi 5 er búið að taka út alla sem dvöldu skemur en 15 mín.

Eins og á öðrum útistæðum sem mæld voru eru langflestir bílar skemur en 15 mín. á stæðunum.



Graf 6.

Athyglisvert er að af 358 stæðum þá eru frá um 40 stæði og uppí rúmlega 100 stæði nýtt til að geyma bíla yfir nótt. Frá kl. 10:00 – 16:00 eru stæðin nánast fullnýtt.

Eins og sjá má af tölunum þá er stæðin vel nýtt frá morgni til kvölds. Sérstaklega þó frá um 7:00 – 19:00. Á þeim tíma er fólk auðvitað að fara í verslanir og heimsækja fyrirtæki í nágrenni stæðanna. Fjölmörgum bílum er lagt á stæðunum á skrifstofutíma og allmargir geymdir á stæðunum til lengri tíma.

Bílar sem geymdir voru yfir nótt á stæðinu:


Bíll í geymslu í marga daga í senn	168
Bíll oftar en einu sinni á tímabilinu	41
Bíll í eina nótt á tímabilinu	150
Samtals:	359

Á tímabilinu sem mælt var (21 dagur) voru samtals 359 bílar geymdir yfir nótt á stæðunum.

Af þessum 359 bílum voru 150 bílar einungis í eina nótt á stæðunum. 168 bílar voru geymdir á stæðunum í marga daga í senn (allt frá 2 dögum uppí fjölmarga daga samfleytt). Þessir bílar eru auðvitað að takmarka almenna notkun stæðana á dagtíma. 41 bíll var svo geymdur í fleiri en eina nótt (fóru út af stæðinu næsta dag og komu svo aftur í geymslu yfir nótt).


Bílakjallarinn (fjöldi stæða 91).

Framangreindar tölur um bílastæðin við Fjörð eiga einnig við um bílakjallarann, því hann er hluti af svæðinu í mælingum. Til að sjá umferð og nýtingu bílakjallarans var hann greindur sérstaklega frá 5. september til 11. september. Hætt var að mæla um kl. 10:00 um morguninn síðasta daginn, þ.a. sá dagur er óeðlilegur í gröfunum.




Graf 1.

Graf 1 sýnir fjölda bíla sem fóru um bílakjallarann á hverjum degi. Líka þá sem keyrðu í gegn án þess að leggja. Mun minna er um að bílar keyri um bílakjallarann án þess að leggja í samanburði við önnur stæði í greiningunni. Grafið sýnir alla bíla sem keyrðu inn og út.




Graf 2.

Ökutækjaskráin var teng við greiningarkerfið í 1 dag, þ.e. fyrsta dag greiningarinnar. Þar sést að Hafnfirðingar nýta stæðin langmest.




Graf 3.

Hér sést að ríflega helmingur Hafnfirðinga sem nýta bílakjallarann eru íbúar í nærliggjandi götum (innan við 1 km).



Graf 4.

Hér er mun minna um heimsóknir innan við 15 mín. í samanburði við önnur stæði.



Graf 5.


Bílakjallarinn er lítið nýttur nema virka daga á skrifstofutíma (08:00 – 17:00). Heildarnýting fer aldrei yfir 60%.

Bílakjallarinn er sem sagt fyrst of fremst nýttur til að geyma bíla á skrifstofutíma á virkum dögum. Bíleigendur í skammtímaheimsóknum leggja frekar á stæðunum úti.

Bílastæðin við Strandgötu frá innakstri að Linnetsstíg.




Byrjað var að mæla umferð um Strandgötu að Linnetsstíg mánudaginn 22 september kl. 06:00 að morgni og hætt sunnudaginn 28. september kl. 22:00, eða í 7 daga.




Graf 1.

Graf 1 sýnir að 500 – 600 bílar fara um Strandgötu að Linnetsstíg á hverjum degi. Líka þeir sem keyra í gegn án þess að leggja.




Graf 2.


Ökutækjaskráin var teng við greiningarkerfið í 3 fyrstu dagana.



Graf 3.




Graf 4.



Graf 5.

Gröf 4 og 5 sýna hversu lengi bílar dvöldu á stæðinu á hverjum degi. Graf 4 sýnir alla bíla sem óku inn götuna en í grafi 5 er búið að taka út alla sem dvöldu skemur en 15 mín. Eins og gefur að skilja aka flestir bílar í gegn án þess að leggja.



Graf 6.

Á þessum hluta Strandgötu eru 115 stæði. Sjá má að þau eru ágætlega nýtt. 30 – 50 bílum (30% - 50% nýting) er að jafnaði lagt yfir nóttina. Uppúr kl. 07:00 fer bílum að fjölga og um 14:00 fer nýtingin mest uppí rúm 70% (84 bílar).

Bílar sem geymdir voru yfir nótt á stæðinu:

Bíll í geymslu í marga daga í senn	27
Bíll oftar en einu sinni á tímabilinu	41
Bíll í eina nótt á tímabilinu	31
Samtals:	99


Á tímabilinu sem mælt var (7 dagar) voru samtals 99 bílar geymdir yfir nótt á stæðunum.

Af þessum 99 bílum voru 31 einungis í eina nótt á stæðunum. 27 bílar voru geymdir á stæðunum í marga daga í senn og 41 bílar voru geymdir í yfir nótt oftar en einu sinni (komu og fóru).

Bílastæðin við Strandgötu frá Linnetsstíg að útakstri.




Byrjað var að mæla umferð um Strandgötu frá Linnetsstíg að útakstri mánudaginn 15 september kl. 14:00 og hætt fimmtudaginn 18. september kl. 11:00, eða í 4 daga. Í sumum gröfum gefa því upphafs- og lokadagur ekki “réttar” tölur.




Graf 1.

Graf 1 sýnir að 1.600 bílar fara um Strandgötu að Linnetstíg á hverjum degi. Líka þeir sem keyra í gegn án þess að leggja. Það eru mun fleiri en Strandgatan að Linnetstíg, sem skýrist af því að innakstur er úr 3 áttum.




Graf 2.

Hvað varðar gröf 2 og 3 þá gefa dagarnir 16/9 og 17/9 eðlilega mynd af aðstæðum, hinir ekki þar sem mælingar voru einungis hluta úr degi.




Graf 3.




Graf 4.

Langflestir bílar sem aka inn þennan hluta Strandgötunnar aka beinustu leið í gegn án þess að leggja.



Graf 5.

Hér er búið að taka út alla bíla sem dvelja skemur en 15 mín. á svæðinu. Við sjáum að 130 – 140 bílar leggja á þessum stæðum á dag og mikill meirihluti þeirra skemur en 2 tíma.



Graf 5.

Hér er búið eins og áður að taka út alla bíla sem dvelja skemur en 5 mín. á stæðunum – sem sagt þá bíla sem keyra í gegn án þess að leggja.

4-5 bílar eru geymdir á stæðunum yfir nótt. Á skrifstofutíma er ágæt nýting stæðanna. Um kl. 09.00 er nýtingin komin í um 50% og um 12:00 full nýting. Meiri en 100% nýting skýrist væntanlega á því að bílum er lagt utan merktra stæða.

Bílar sem geymdir voru yfir nótt á stæðinu:

Bíll í geymslu í marga daga í senn		2
Bíll oftar en einu sinni á tímabilinu		1
Bíll í eina nótt á tímabilinu		2
Samtals:		5

Á tímabilinu sem mælt var (4 dagar) voru samtals 5 bílar geymdir yfir nótt á stæðunum.

Af þessum 5 bílum voru 2 í eina nótt á stæðunum, 2 bílar voru geymdir á stæðunum í marga daga í senn og 1 bíll var geymdur yfir nótt oftar en einu sinni.